

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-12
150 Reykjavík

Reykjavík, 14.03.2018

Efni: Umsögn Öryrkjabandalags Íslands um tillögu til þingsályktunar um rétt barna til að vita um uppruna sinn, þingskjal 88, 74. mál.


ÖBÍ styður tillöguna og tekur undir þau siðfræðilegu sjónarmið sem koma fram í tillögunni, aldrei má horfa framhjá því að barn er með sjálfstæð réttindi og hagsmuni.

ÖBÍ leggur áherslu á að Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna sé hafður til hliðsjónar við vinnslu frumvarpsins og vísar í 3. grein sáttmálans.

ÖBÍ tekur undir með flutningsmönnum tillögunnar að mikilvægt sé að réttindi einstaklings sem getinn er með gjafakynfrumum séu sett í forgrunn og honum tryggður með lögum sjálfstæður réttur til að fá upplýsingar um uppruna sinn. Nauðsynlegt sé að uppfæra íslenska löggjöf til að tryggja að enginn vafi leiki á um að íslensk lög samræmist ákvæðum Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Ekkert um okkur án okkar.

Með vinsemd og virðingu,


Þuríður Harpa Sigurðardóttir
Formaður ÖBÍ